



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð

Atvinnumálanefnd.

3. fundur.

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, fimmtudaginn 28. desember 2006.

Mættir voru: Pétur Snæbjörnsson formaður, Birgir Steingrímsson og sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Eyrún Björnsdóttir boðaði forföll í upphafi fundar.

1 Fundarsetning.

Formaður setti fund og bað sveitarstjóra að rita fundargerð.

2 Endurskoðun á aðlskipulagi Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn hefur óskað eftir því við Atvinnumálanefnd að hún komi að vinnu við endurskoðun og breytingu á aðalskipulags sveitarfélagssins. Rætt var um hvernig þeirri vinnu yrði ýtt úr vör. Nefndin óskar eftir umboði frá sveitarstjórn til að ræða við fulltrúa allra landeigenda í Skútustaðahreppi um hvaða sýn þeir hafi á nýtingu jarða sinna í framtíðinni. Jafnframt er óskað eftir því að sveitarstjóri sjái um að boða til funda með landeigendum og Atvinnumálanefnd.

Ljóst er að vinna við skipulagsgerð er mjög tímafrek og ekki hægt að áætla hvenær henni verður lokið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Snæbjörnsson,
Birgir Steingrímsson.